Mat þátttakenda á árangri Tækifærisins

Niðurstöður könnunar á ánægju og upplifun þátttakenda á fjögurra vikna námskeiði Tækifærisins í maí 2026

Ábyrgðarmaður könnunar: Margrét Einarsdóttir, félagsfræðingur, dr., margrei@hi.is

Reykjavík, júní 2026.

Formáli

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður á mati á árangri af 4 vikna námskeiði Tækifærisins um íslenskan vinnumarkað, íslenskt samfélag og hvernig takast eigi á við persónulegar hindranir ásamt eftirfylgd hvað varðar atvinnuleit og atvinnuþátttöku. Námskeiðið stóð yfir frá 4 – 28 maí 2026. Það var haldið í samvinnu við Vinnumálastofnun og ætlað ungum mönnum af erlendum uppruna á aldrinum 18 – 29 ára sem höfðu verið atvinnuleitendur í talsverðan tíma, í flestum tilfellum í yfir eitt ár. Tólf þátttakendur byrjuðu á námsskeiðinu og ellefu kláruðu. Í lok námskeiðsins og eftir að því lauk voru þátttakendur aðstoðaðir í atvinnuleit og við atvinnutengingu og mun sú aðstoð halda áfram næstu þrjá mánuði verði þörf á.

Strax að námskeiði loknu var þátttakendum sendur spurningalisti í tölvupósti og þeim gefin ein vika til að svara. Svörun var ítrekuð einu sinni í tölvupósti og einu sinni með smáskilaboðum. Alls 9 af 11 þátttakendum námskeiðsins svöruðu spurningalistanum og er *svörun því 82%.*

Þegar þrír mánuðir verða liðnir frá námskeiðslokum mun Vinnumálastofnun taka saman hve margir þátttakendur námskeiðsins eru komir í launaða vinnu. Þá færst endanlegra mat á árangi námskeiðsins.

Margrét Einarsdóttir, félagsfræðingur, dr., sá um framkvæmd matsins og ber faglega ábyrgð á því.

Samantekt:

Heilt yfir sýnir matið að svarendur voru mjög ánægðir með námskeiðið. Þeir gáfu því ágætiseinkunn þegar þeir voru beðnir um að meta það á tölulegum kvarða og svörin við opnu spurningunum voru í heildina mjög jákvæð, samanber þessi orð:

Reynsla mín af Tækifærinu var mög góð. Ég vona að fleiri [í minni stöðu] fái notið þess.

Svarendur töldu starfsfólk námskeiðsins hafa verið einstaklega styðjandi, hafa sýnt þátttakendum virðingu og haft skilning á aðstæðum þeirra. Eins töldu svarendur þá fræðslu og ráðgjöf sem veitt var á námskeiðinu almennt hafa verið mjög góða, hvort sem um var að ræða fræðslu um íslenskt samfélag og íslenskan vinnumarkað eða ráðgjöf og stuðning við að takast á við persónulegar áskoranir. Engin gaf fræðslunni og ráðgjöfinni neikvæða umsögn. Hins vegar hefðu svarendur viljað að boðið væri upp á nokkuð meiri útivist en gert var.

Niðurstöðunum verður að taka með þeim fyrirvara að 2 af 11 þátttakendum á námskeiðinu svöruðu ekki matskönnuninni.

Þegar þrír mánuðir verða liðnir frá námskeiðslokum mun Vinnumálastofnun taka saman hve margir þátttakendur námskeiðsins eru komir í launaða vinnu. Þá færst endanlegra mat á árangi námskeiðsins.

Aðferðir

Matið byggir á spurningalista sem rannsakandi og framkvæmdarstjóri Tækifærisins hafa samið í sameiningu. Spurningarlistinn sem sendur var út nú samanstendur af níu spurningum, sjö lokuðum og tveimur opnum. Í lokuðum spurningum gátu svarendur valið um nokkra svarmöguleika en í þeim opnu voru þeir beðnir að svara með eigin orðalagi.

Allar spurningarnar eru frumsamdar og eiga sér því ekki fyrirmyndir í mati á öðrum úrræðum. Kosturinn við slíkar frumsamdar spurningar er að þær ná auðveldlega að fanga það fyrirbæri sem verið er að mæla en ókosturinn er sá að ekki er hægt að bera niðurstöðurnar saman við mælingar á árangri annarra sambærilegra úrræða (Fowler, 2009). Ástæðan fyrir því að matið byggir alfarið á frumsömdum spurningum er sú að rannsakanda er ekki kunnugt um að sambærilegt mat hafi farið fram á öðrum sambærilegum námskeiðum sem hægt væri að bera Tækifærið saman við.

Þeir sem luku námskeiðinu voru á aldrinum 19 – 29 ára, allt karlar. Enska er þeim flestum tamari en íslenska og spurningarlistinn því á ensku. Alls 9 þátttakendur námskeiðsins svöruðu spurningalistanum og er svörun því 82%.

Við lestur niðurstaðnanna verður að hafa í huga að niðurstöðurnar byggja á huglægu mati þátttakenda en ekki á hlutlægu mati sérfræðinga á árangri úrræðisins. Í öllu starfi með fólki og mati á þjónustu við það er æ meiri áhersla lögð á slíkt huglægt mat og um leið á að þjónustan sé í samræmi við þarfir og óskir skjólstæðinga/þátttakenda (Braun og Clark, 2013).

Í öllum lokuðu spurningunum var notast við fimmgildan kvarða þar sem 1 = lægsta gildi og 5 = hæsta gildi. Meðaltöl voru reiknuð út til að greina þau gögn þar sem 1,0 gefur lægsta mögulega gildi en 5,0 hæsta mögulega gildi (Fowler og Floyd, 2009). Aðferðir þemagreiningar voru notaðar til að greina svörin við opnu spurningunum (Braun og Clark, 2013).

Niðurstöður

Heildarmat á Tækifærinu

Svarendur voru beðnir um að leggja heildarmat á Tækifærið á fimmgildum kvarða:

- 1= mjög slæmt,
- 2 = slæmt,
- 3 = hvorki slæmt né gott,
- 4 = gott,
- 5 = mjög gott.[1]

Niðurstöður matsins eru birtar í töflu 1.

Tafla 1. Heildarmat á Tækifærinu

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á Tækifærinu	9	4,9	5	4-5

Tafla 1 sýnir að þegar svarendur voru beðnir að meta Tækifærið heildstætt gáfu þeir því meðaleinkunnina 4,9, eða ágætiseinkunn. Átta af níu svarendum gáfu námskeiðinu hæstu einkunn og sögðu það vera mjög gott en einn gaf því næst hæstu einkunn og töldu úrræðið vera gott. Enginn gaf því hlutlausa eða neikvæða einkunn.

Hversu styðjandi var starfsfólk Tækifærisins?

Spurt var um hversu styðjandi starfsfólk Tækifærisins hefði verið á kvarðanum:

- 1 = alls ekki styðjandi,
- 2 = lítið styðjandi,
- 3 = nokkuð styðjandi,
- 4 = mjög styðjandi,
- 5 = einstaklega styðjandi.[2]

Niðurstöðurnar birtast í töflu 4.

Tafla 2. Hversu styðjandi var starfsfólk Tækifærisins?

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á stuðningi frá starfsfólki	9	4,9	5	4-5

Að meðaltali gáfu svarendur starfsfólki Tækifærisins einkunnina 4,9 af fimm mögulegum þegar þeir voru spurðir hversu styðjandi starfsfólkið var (sjá töflu 4), eða ágætiseinkunn. Átta af níu svarendum gáfu

[1] (e. 1= very poor, 2 = rather poor, 3 = neither poor nor good, 4 = rather good, 5 = very good).

[2] (e. 1 = not at all supportive, 2 = not so supportive, 3 = somewhat supportive, 4 = very supportive, 5 = extremely supportive).

starfsfólkinu hæstu einkunn og sögðu það vera einstaklega styðjandi en einn gaf því næst hæstu einkunn og taldi starfsfólkið vera mjög styðjandi. Enginn gaf starfsfólkinu hlutlausa eða neikvæða einkunn.

Gagnsemi fræðslu og ráðgjafar við að takast á við persónulegar áskoranir?

Svarendur voru beðnir að meta á eftirfarandi skala að hve miklu gagni fræðslan og ráðgjöfin sem veitt var á námskeiðinu hefði komið við að takast á við persónulegar áskoranir:

- 1= að eigu gagni,
- 2 = að litlu gagni,
- 3 = að nokkru gagni,
- 4 = að miklu gagni,
- 5 = að mjög miklu gagni.[3]

Niðurstöður má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Gagnsemi fræðslu og ráðgjafar sem veitt var við að takast á við persónulegar áskoranir

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á gagnsemi fræðslu og ráðgjafar við að takast á við persónulegar áskoranir	9	4,3	5	3-5

Tafla 3 sýnir að þegar svarendur voru beðnir að meta gagnsemi þeirrar fræðslu og ráðgjafar sem veitt var til að takast á við persónulegar áskoranir þeirra gáfu þeir meðaleinkunnina 4,3 af fimm mögulegum. Fimm af níu svarendum gáfu hæstu einkunn og sögðu þessa þætti hafa komið að mjög miklu gagni og þrír þeirra sögðu þá hafa komið að miklu gagni. Tveir svarendur gáfu fræðslunni og ráðgjöfunni til að takast á við persónulegar aðstæður síðan hlutlausa einkunn en enginn gaf henni neikvæða einkunn.

Gagnsemi fræðslu og ráðgjafar um íslenskt samfélag og um íslenskan vinnumarkað

Þá voru svarendur beðnir að meta gagnsemi fræðslunnar og ráðgjafarinnar sem veitt var um annars vegar íslenskt samfélag og hins vegar íslenskan vinnumarkað. Spurningarnar tvær voru metnar á sama skala og spurningin hér að ofan um gagnsemi fræðslu og ráðgjafar tengda persónulegum áskorunum.

Niðurstöðurnar eru birtar í töflum 3 og 4.

Tafla 4. Gagnsemi fræðslu um íslenskt samfélag

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á gagnsemi fræðslu um íslenskt samfélag	9	4,8	5	4-5

[3] (e. 1= not at all helpful, 2 = not so helpful, 3 = somewhat helpful, 4 = very helpful, 5 = extremely helpful).

Tafla 4 sýnir að svarendur gáfu gagnsemi fræðslunnar um íslenskt samfélag meðaleinkunnina 4,8 af fimm mögulegum, eða ágætiseinkunn. Sjö af níu svarendum gáfu hæstu einkunn og sögðu fræðsluna hafa komið af mjög miklu gagni og tveir sögðu hana hafa komið að miklu gagni. Enginn svarenda gaf fræðslunni um íslenskt samfélag hlutlausa einkunn eða neikvæða einkunn.

Tafla 5. Gagnsemi fræðslu um íslenskan vinnumarkað

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á gagnsemi fræðslu um íslenskt samfélag	9	4,4	5	3-5

Tafla 5 sýnir að svarendur gáfu gagnsemi fræðslunnar um íslenskan vinnumarkað meðaleinkunnina 4,4 af fimm mögulegum. Fimm af níu svarendum gáfu hæstu einkunn og sögðu fræðsluna hafa komið að mjög miklu gagni en þrír gáfu henni næst hæstu einkunn og sögðu hana hafa komið að miklu gagni. Einn svarandi gaf fræðslunni um íslenskan vinnumarkað hlutlausa einkunn en enginn gaf henni neikvæða einkunn.

Var hæfilega mikil útivist?

Spurt var um hvort svarendur hafi verið sáttir við það umfang útivistar sem boðið var upp á á námskeiðinu eða hvort þeir hefðu viljað meiri eða minni útivist. Umfangið var metið á kvarðanum:

- 1= mikið minni,
- 2 = nokkuð minni,
- 3 = hvorki meiri né minni,
- 4 =nokkuð meiri,
- 5 = mikið meiri.[4]

Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 6.

Tafla 6. Var hæfilega mikil útivist á námskeiðinu?

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á umfangi útivistar	9	3,8	3	3-5

Tafla 6 sýnir að meðaltal svaranna við spurningunni um hvort útivistinn sem boðið var upp á hafi verið hæfilega mikil er 3,8. Að jafnaði töldu svarendur því að þeir hefðu viljað að boðið væri upp á nokkuð meiri útivist. Enginn svaraði því til að umfang útivistarinnar hefði átt að vera nokkuð minna eða mikið minna.

Hentaði Friðarhúsið fyrir námskeiðið?

Svarendur voru beðnir um að meta hentugleika Friðarhússins sem stað fyrir námskeiðið á eftirfarandi kvarða:

[4] (e. 1= much less, 2 = somewhat less, 3 = neiter more nor less, 4 = somewhat more, 5 = much more).

- 1= mjög illa,
- 2 = frekar illa,
- 3 = hvorki vel né illa,
- 4 = nokkuð vel,
- 5 = mjög vel.[5]

Tafla 7. Hvernig metur þú Friðarhúsið sem stað fyrir námskeiðið?

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á hentugleika Friðarhússins	9	4,7	5	3-5

Tafla 7 sýnir að svarendur gáfu Friðarhúsinu 4,7 af fimm mögulegum þegar þeir voru spurðir um hentugleika þess. Að jafnaði mátu svarendur því að Friðarhúsið væri góður til mjög góður staður fyrir námskeiðið. Einn svarandi gaf Friðarhúsinu hlutlausa einkunn og taldi það hvorki góðan né slæman stað fyrir námskeiðið en enginn af því neikvæða einkunn.

Hvernig líkaði þátttakendum við námskeiðið? – Niðurstöður úr opnum spurningum

Svarendur voru beðnir að svara með eigin orðum hvað þeim líkaði og/eða líkaði ekki við námskeiðið. Í lok könnunarinnar voru þeir að auki spurðir um hvort það væri eitthvað annað sem þeir vildu koma á framfæri í könnuninni. Svörin úr þessum tveimur spurningum voru greind í einu lagi.

Opnu svörin eru öll mjög jákvæð í garð starfsfólksins og þeirrar fræðslu og ráðgjafar sem það veitti. Þannig segir í svörunum að námskeiðið hafi verið skemmtilegt og fræðandi og að fræðslan um hvoru tveggja vinnumarkaðinn og íslenskt samfélag hafi, og muni koma, að góðu gagni. Talað er um að andrúmsloftið á námskeiðinu hafi verið gott, starfsfólkið sýnt þátttakendum virðingu og haft skilning á aðstæðum þeirra auk þess sem tækifæri til að mynda ný tengsl hafi skapast. Einn svarenda kemst svo að orði:

> *Reynsla mín af Tækifærinu var mjög jákvæð og gefandi. Námskeiðið hjálpaði mér við að horfa fram hjá ákveðnum áskorunum í hversdeginum og við að tengjast samfélaginu á jákvæðari hátt en fyrr. Þökk sé Jóni og Björk þá fékk ég betri innsýn inn í líf mitt og samfélagið sem ég lifi í og meira traust á sjálfum mér. Nú, eftir að námskeiðinu er lokið, finnst mér ég vera mun betur í stakk búinn til að byrja í nýrri vinnu og horfa jákvæðum augum fram á við.*[6]

Það eina sem fram kemur í svörunum og ekki getur flokkast jákvætt tengist húsnæðinu og staðsetningu þess. Þannig nefnir einn svarandi að húsnæðið hafi ekki hentað mjög vel undir starfsemina og annar að það hafi verið staðsett of langt frá heimili hans.

[5] (e. 1= very poor, 2 = rather poor, 3 = neiter poor nor good, 4 = rather good, 5 = very good).

[6] (e. My experience with The Opportunity was very positive and valuable. It helped me step away from some of the challenges of everyday life and reconnect with society in a more positive way. Thanks to Jon and Björk, I gained a better perspective and more confidence in myself. After completing this program, I feel much better prepared to start a new job, be productive, and move forward with a positive mindset).

Samantekt

Heilt yfir sýnir matið að svarendur voru mjög ánægðir með námskeiðið. Þeir gáfu því ágætiseinkunn þegar þeir voru beðnir um að meta það á tölulegum kvarða og svörin við opnu spurningunum voru í heildina mjög jákvæð, samanber þessi orð:

Reynsla mín af Tækifærinu var mög góð. Ég vona að fleiri [í minni stöðu] fái notið þess.[7]

Svarendur töldu starfsfólk námskeiðsins hafa verið einstaklega styðjandi, hafa sýnt þátttakendum virðingu og haft skilning á aðstæðum þeirra. Eins töldu svarendur þá fræðslu og ráðgjöf sem veitt var á námskeiðinu almennt hafa verið mjög góða, hvort sem um var að ræða fræðslu um íslenskt samfélag og íslenskan vinnumarkað eða ráðgjöf og stuðning við að takast á við persónulegar áskoranir. Engin gaf fræðslunni og ráðgjöfinni neikvæða umsögn. Hins vegar hefðu svarendur viljað að boðið væri upp á nokkuð meiri útivist en gert.

Niðurstöðunum verður að taka með þeim fyrirvara að 2 af 11 þátttakendum á námskeiðinu svöruðu ekki matskönnuninni.

Þegar þrír mánuðir verða liðnir frá námskeiðslokum mun Vinnumálastofnun taka saman hve margir þátttakendur námsskeiðsins eru komir í launaða vinnu. Þá færst endanlegra mat á árangi námskeiðsins.

Heimildir:

Braun, V. og Clark, V. (2013). *Successful qualitative research, a practical guide for beginners*. London: Sage.

Fowler, J. og Floyd J. (2009). *Survey Research Methods 4th Edition*. Los Angeles, London, New Delhi, Singapore, Washington DC: SAGE publications.

[7] (e. I had a good experience [sic] and I hope more people can go to this course).